



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
2. nóvember 2010

ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA OG VERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 16 1013 OG RIKS 21 0414

Föstudaginn **5. nóvember kl. 11:00** fer fram útboð hjá lánamálum ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi í tvo flokka ríkisbréfa.

Í þessu útboði verða seld bréf í sex ára flokki óverðtryggðra ríkisbréfa **RIKB 16 1013**. Einnig verða boðin til sölu bréf í verðtryggða flokknum **RIKS 21 0414**. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útboði.

Lánamál ríkisins áskilja sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útboðinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsgdagur er miðvikudagurinn 10. nóvember 2010.

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir munu lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 9. nóvember 2010. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. *Greiðslu- og uppgjörsgdagur fyrir þessi viðskipti er 10. nóvember 2010.*

Nánari upplýsingar veitir Oddgeir Gunnarsson, lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.

Með kveðju,